

Verklagsreglur um afgreiðslu umsókna um húsnæði og þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum

Reglur þessar byggja á lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum, reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010 og reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014 nr. 242/2014.

Reglurnar taka til:

- Húsnæðiskosta og þjónustuúrræða fyrir fatlað fólk, 18 ára og eldri. Þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum.

1.gr. Markmið

Markmið þjónustunnar er að gera einstaklingum með fötlun kleift að búa á eigin heimili í samræmi við þarfir og óskir eftir því sem kostur er. Þjónustan skal vera einstaklingsbundin, heildstæð og sveigjanleg og veitt með það að markmiði að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja sjálfsmýnd þess, sjálfstraust, félagslega stöðu, sjálfsvirðingu og lífsgæði.

2. gr. Þjónustusvæðið

Fatlaðir íbúar á þjónustusvæði Suðurlands eiga rétt á þjónustu skv. reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum þegar um sértækt húsnæði og þjónustu er að ræða að uppfylltum viðmiðum skv. reglum þessum.

3. gr. Forsendur og skilyrði

Þjónustan er ætluð fötluðum einstaklingum 18 ára og eldri sem hafa metna þörf fyrir húsnæðisúrræði og/eða þjónustu á heimilum sínum. Sækja má um þegar umsækjandi hefur náð 16 ára aldri en umsókn telst ekki gild fyrr en við 18 ára aldur. Þjónustan er háð húsnæðiskosti hverju sinni, ef umsókn er um sértækt húsnæði og engar íbúðir á lausu fer viðkomandi umsókn á biðlista.

Skilyrði fyrir því að fá húsnæðiskost með sólarhringsaðstoð er að fyrir liggja staðfesting á þjónustupörf samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða 3.gr. II hluti d.liður en þar kveður á um að umsækjandi sé í SIS flokk 5 eða ofar.

Sérstakur stuðningur á heimili fólks er veittur ef þjónustupörf er önnur eða víðtækari en veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga

4.gr. Ferli umsókna

Sótt er um þjónustu á þar til gerðu umsóknareyðublaði og tekur félagsþjónustan í lögheimilissveitarfélagi umsækjenda við umsókn. Umsókn er aðeins gild komi hún frá hinum fatlaða eða forráðamanni hans/persónulegum talsmanni. Á umsóknareyðublaði þarf að

koma fram staðfest fötlun fagaðila og hvaða áhrif hún hefur á daglegt líf, SIS mat og hvaða þjónustu umsækjandi er að fá.

5. gr.

Mat á þjónustupörf

Í framhaldi af móttöku umsóknar er umsækjandi og eftir atvikum aðstandandi boðaður í viðtal innan 3 vikna eftir að umsókn berst til að afla frekari upplýsinga og meta þjónustupörf viðkomandi. Frekari gagna kann að verða óskað frá fagaðilum.

Annars vegar er metið í samráði við umsækjanda hvort almenn úrræði samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga geti komið til móts við þarfir umsækjanda og hins vegar hvort þörf sé sérstakra stuðningsúrræða eða húsnæðis samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks.

Niðurstaða grunnmats skal liggja fyrir innan tveggja mánaða frá því að umsókn berst og skal kynna fyrir umsækjanda eins fljótt og auðið er og eigi síðar en mánuði eftir að hún liggur fyrir. Sé niðurstaða grunnmatsins sú að þjónustupörf sé önnur eða víðtækari en veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, skal teymi fagfólks meta sérstaka stuðningsþörf umsækjanda út frá reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síður en 3 mánuðum eftir að mat var framkvæmt.

6.gr.

Afgreiðsla

Umsókn ásamt mati á þjónustupörf er kynnt á fundi fagteymis þjónustusvæðisins sem metur umsóknina út frá gildandi lögum og reglum. Afgreiðsla fagteymis öðlast gildi þegar fundargerð fagteymis hefur hlotið samþykki þjónusturáðs. Starfsmaður félagsþjónustusvæðis tilkynnir umsækjanda skriflega afgreiðslu umsóknar.

7. gr.

Tilboð um þjónustu

Eftir að hafa fengið svar er umsækjandi og/eða forráðamaður/persónulegur talsmaður hans boðaður á fund hjá viðkomandi félagsþjónustu til að undirbúa væntanlega þjónustu.

Ef ekki er hægt að verða strax við þeirri þjónustu sem sótt er um skal gerð einstaklingsbundin þjónustuáætlun þar sem m.a. kemur fram hvaða þjónusta er í boði á meðan beðið er. Endurnýja skal þjónustuáætlun a.m.k. einu sinni á ári í samráði við umsækjanda.

8.gr.

Samningur um þjónustu

Umsækjandi og viðkomandi félagsþjónusta gera með sér þjónustusamning innan 12 mánaða frá því að umsókn barst sveitarfélaginu um þann stuðning eða þá þjónustu sem veitt er á heimili, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 1054/2010. Í samningnum skal eftirfarandi koma fram:

- Ábyrgð og skyldur einstaklings og þjónustuaðila
- Umfang og innihald þjónustunnar
- Upplýsingar um sameiginlegan íbúasjóð sé um slíkt að ræða

Þá skal félagsþjónustan gera einstaklingsbundna þjónustuáætlun við fatlað fólk sem hefur þörf fyrir viðvarandi og fjölbreytilegan stuðning, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1054/2010.

Gerður skal húsaleigusamningur við þann sem málið varðar, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 1054/2010.

9.gr.

Niðurstaða synjunar

Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.

Áfrýjun

10. gr.

Afgreiðslu þjónusturáðs er hægt að áfrýja til félagsmála-/velferðanefndar viðkomandi sveitarfélags. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda berst vitneskja um ákvörðun nefndarinnar.

Gildistaka

11. gr.

Reglur þessar voru samþykktar af Þjónusturáði Suðurlands þann 8.10.2014 og Stjórn Þjónustusvæðis þann 15.10.2014.